

Bústaðavegur, hjólastígur frá Veðurstofuvegi að Skógarhlíð

Óskað er heimildar til verkhönnunar og gerðar útboðsgagna fyrir göngu- og hjólastíg samsíða Bústaðavegi frá Veðurstofuvegi að Skógarhlíð. Gert er ráð fyrir að stígarnir verði lagðir undir Litluhlíð sem samhliða verður mjókkuð í samræmi við drög að deiliskipulagi sem er í kynningu. Kaflinn er um 500 m langur auk breytinga á og við Litluhlíð.

Í samræmi við Hjólréiðaáætlun 2015-2020 er unnið að áframhaldandi uppbyggingu tvístefnuhjólastígs samsíða Bústaðavegi. Gert er ráð fyrir aðskildum göngu- og hjólastígum þar sem hvor stígur um sig er 2,5-3 m breiður. Stígarnir fylgja landi og fara undir Litluhlíð beint inn í Skógarhlíð. Myndin að neðan sýnir forhönnun breytinganna en þar er einnig gangstétt í Háuhlíð og brú yfir Bústaðaveg en þær framkvæmdir eru ekki hluti þessa áfanga.

Fyrir hönd skrifstofu Samgöngustjóra og borgarhönnunar



Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
Yfirverkfræðingur samgöngumála

